1930

1908 - 1924

# Bréfabók

Ungm. fél.

U. M. F. TINDASTÓLL

Falco Islandicus

# Bréfabók ungmennafélagsins „Tindastóll"

1.

Bréf frá Fjórðungsstjórn Norðlendingafjórðungs. Akureyri

Háttvirti félagsfundur!

Samkvæmt ákvæðum sambandsþings U.M.F.Í. sumarið 1908 verður þing Norðlendingafjórðungs haldið dagana 4., 5. og 6. febrúar 1909 á Akureyri.

Fjórðungsstjórnin hefir ákveðið að gefa þeim félögum kost á að senda fulltrúa á þing þetta, sem ennþá standa utan sambandsins, en að ýmsu leyti starfa á svipuðum grundvelli. Fulltrúar þessir hafa þó eingöngu málfrelsi og tillögurétt á þinginu, gangi félög þeirra ekki í sambandið. Gangi félögin í sambandið á fjórðungsþingi hafa fulltrúar þeirra sömu réttindi og aðrir fulltrúar sambandsins.

Mál þau, sem þingið hefir til meðferðar eru þessi: íþróttamál, blaðaútgáfumál, fyrirlestramál, merki félaganna, hátíðahald 17. júní og öll önnur mál, er fulltrúarnir bera fram á þinginu.

Fjórðungsstjórnin óskar því eftir, að þér sendið fulltrúa á þingið, einkanlega til að ræða ágreiningsatriði þau, ef nokkur eru, sem eru á milli yðar félags og stefnuskrá Ungmennafélaga Íslands.

Vinsamlegast

29/12 1908

Fjórðungsstjórn Norðlendingafjórðungs
Akureyri

Til
formanns Ungmennafélags Sauðárkróks
Sauðárkrók.

2.

Bréf frá stjórn Ungmennafélagsins „Tindastóll" til Fjórðungsstjórnar Norðlendingafjórðungs.

— " — " — " — " —

Háttvirta fjórðungsstjórnar formaður!

Jafnframt því sem Ungmennafélagið „Tindastóll" á Sauðárkróki sendir yður hérmeð undirskrift meðlima sinna undir Sambandsskuldbindingu Ungmennafélaga Íslands, leyfum vér oss fyrir hönd og í nafni félags vors að biðja upptöku í „Samband Ungmennafélaga Íslands".

Svar yðar óskast við fyrsta tækifæri, og að það beri með sér auk aðalatriðisins ýmsar bendingar og skýringar um skyldur og réttindi félagasambandsins, eða um annað það, sem að sambandinu lýtur, er vort félag ef til vill eftir atvikum og kringumstæðum ekki getur verið fullkunnugt um, en gæti verið nauðsynlegt eða mætti á einhvern hátt að

að gagni koma.

Sauðárkrók 2. mars 1909

Fyrir hönd Ungmennafélagsins „Tindastóll".

Vinsamlegast

Steindór Jóhannesson (formaður)    Jón Björnsson (ritari)

Hinrik Árnason (gjaldkeri)

---

## 3.

Bréf frá fjórðungsstjórn Norðlendinga fjórðungs til formanns Ungmennafél. „Tindastóll"

---

Herra Steindór Jóhannesson (formaður Ungmennafélagsins „Tindastóll")

Mér er sönn ánægja í að tilkynna ykkur, sem eruð í stjórn félagsins „Tindastóll" að það (félagið), er samkvæmt beiðni ykkar dagsettri 2. mar

þ. á. upptekið í Samband „Norðlendinga-fjórðungs" með hinum sömu skyldum og réttindum, sem hin önnur félög fjórðungsins hafa eftir sambandslögunum, sem og veit að ykkur eru fullkunn, þar sem þið hafið skrifað undir skuldbindingar sambandsins.

Viðvíkjandi ósk ykkar um skýringu á starfi sambandsins, skal þess getið, að samkvæmt ákvörðun fjórðungsþings, ber fjórðungnum að koma á íþróttamóti hér á Akureyri 17. júní í sumar og er það einlæg ósk vor að félag þitt vildi styrkja oss í því starfi með því að senda íþróttamenn á það mót. Sjá auglýsingu í „Norðurlandi" og „Norðra" og þinggjörð fjórðungsþingsins prentaða í „Norðurlandi". Af þinggjörðinni má einnig sjá hvaða mál önnur fjórðungurinn hefir tekið til meðferðar þetta ár, svo sem fyrirlestra- og blaðútgáfumál, en um það og fleira verður ykkur tilkynnt nánar síðar.

Félögin leggja áherslu á að efla krafta[illegible], og beita sér fyrir ýmsum

framfaramálum útávið, þó einkum í íþróttalegu tilliti; en það veit eg að ykkur er kunnugt og því ekki þörf að taka það nákvæmar fram og tími minn naumur. Þó er mér mikil ánægja að því að svara spurningum frá ykkur viðvíkjandi störfum félaganna, ef eitthvað væri, sem ykkur fýsti að vita, en þið vitið ekki áður.

Hefir félag ykkar starfað sem íþróttafélag, bindindisfélag eða málfundafélag undanfarið? Eða hefir það starfað að þessu öllu?

Hér höfum merki (silfurprjón), sem í eru letraði stafir Ungmennafélaganna U.M.F.Í. og ártal. Fram Íslendingar Fram! Hvert þetta merki kostar einn kr. Búist við að allir ungmennafélagar vilji eiga það. Getið þið fengið eitthvað keypt af þeim

Akureyri 10. marz 1909

Með vinsemd og virðingu.

Erlingur Friðjónsson
(formaður Fjórðungsstjórnar)

4.

Bréf til formanns Ungm.fél. Tindastóll – frá formanni Fjórðungsstj.)

Strandgötu 17 – 12. maí 1909

Heiðraði félagsbróðir!

Eg sendi þér sambandslög og skuldbinding og 25 U.M.F. merki. Eg hefi víst getið þess við þig að þau kostuðu einn kr. hvert.

Viðvíkjandi borgun á þeim er það að segja að fjórðungurinn stendur í ábyrgð fyrir ~~borgun~~ að öll þau merki, sem óseld eru hér séu borguð fyrir vissan tíma, og er því gott að þið ákvarðið ykkur sem fyrst í því hvað þið kaupið mikið af þessum merkjum, sem eg sendi ykkur, og endursendið hitt til baka, ef þið kaupið þau ekki öll, þá munduð þið geta fengið frest á einhverju af borguninni til hausts, ef ykkur kæmi það betur, borgandi til dæmis 10 krónur fljótlega. —

Sjálfsagt eigið þið íþróttamenn svo sem glímumenn, sem gætu tekið þátt í mótinu hjá okkur 17. júní. Þið verðið ekki

í ungdæmi ykkar að það verði mjög mikli íþróttamenn. Vér erum enn svo skamt komnir í þessari list.

Afgreiðslu og bréfi í mögu að ennþá og get ekki farið eins langt út í félagsmálin eins og ég vildi, þó þetta nú væri um að fá frétti frá ykkur eitt lítið fari.

Með vinsemd og virðingu

Erlingur Friðjónsson

—— · —— · —— · —— · ——

5.

Bréf til stjórnar „Ræktunarfélags Norðurlands“ frá stjórn „Ungmennafélagsins Tindastóll“.

Á síðasta fundi, er haldinn var í Ungmennafélaginu „Tindastóll“ á Sauðárkrók þ. 25. apríl s.l., kom fram nær einróma álit félagsmanna um það, að áskilið væri og einka vel til fallið, enda eftir kringumstæðum jafnvel sjálfsagt, að haldin yrði í sambandi við hinn almenna fund Ræktunarfélagsins á vor skemtun, þar sem fram færu aðallega íþróttaleikir „glímur, hlaup, kappreiðar o.fl. eftir föngum.“ Jafnframt lýsti sér einnig í fundinum eindreginn vilji félagsmanna á því, að félags-stjórnin gengist fyrir slíkri skemtun, og því fremur, sem félaginu einmitt var kunnugt um, að tilraun, sem gjörð var á s.l. vetri, til að fá sýsluna til að gangast fyrir líkri skemtun varð árangurslaus, og málinu því eftir því sem séð verður í óefni komið, ef ungmennafélagið hér heldur ekki vildi eða sæi sér fært að beitast fyrir því.

Þar eð nú félag vort, þrátt fyrir einlægan góða vilja í þessu máli ekki sér sér fært, vegna síns þröngva fjárhags að hrinda því þann veg í framkvæmd að sæmilegt gæti kallast fyrir félagið og boðlegt hinum heiðruðu gestum, er það sem það að hinu leytinu telur víst að stjórn Ræktunarfélagsins í öllu vilji styðja að því að fullkomna

félagsins, þeim er fund þennan sækja – margir langa vegu – mætti verða ferðin sem ánægjulegust og innihaldsríkust, þá leyfir ungmennafélag vort sér hérmeð að fara þess á leit við hina háttvirtu stjórn Ræktunarfélagsins að hún með 30-40 kr styrk úr félagssjóði ofurlítið vildi stuðla að því að slík skemtun gæti tekist, og svo framarlega sem hún ekki á annan veg sér framkvæmdum málsins betur borgið, vill Ungmennafélag vort fúslega reyna að beitast fyrir þeim. —
Svar óskast með fyrstu ferð.

Sauðárkrók 9. maí 1909

Fyrir hönd Ungmennafélagsins „Tindastóll"

Jón Þ. Björnsson
(ritari)

Til
stjórnar Ræktunarfélags Norðurlands
Akureyri.

## 6.

Bréf til sýslunefndaroddvita Skagafjarðarsýslu frá Ungmennafélaginu „Tindastóll"

---

Eins og kunnugt er var því máli hreyft á sýslufundi Skagafjarðarsýslu s.l. vetur, að sýslan gengist fyrir því að haldin yrði í sambandi við aðalfund Ræktunarfélags Norðurlands á komandi vori skemtun nokkur, til þess að auka hinum heiðruðu fulltrúum, þeim er fund þennan sækja ánægju og gagn af fundarsókninni, og var það þá einnig talið æskilegt að haldin yrði búfjársýning fyrir sýsluna í sambandi við skemtun þessa. — Þrátt fyrir það að hinni heiðruðu sýslunefnd yfirleitt ekki virtist tiltækilegt að slík búfjársýning gæti tekist á þeim tíma árs, var hún því þó, eftir því sem oss er kunnugt, yfirleitt hlynt, að í sambandi við fundinn yrði haldin slík skemtun, þar sem þann þann

-rétthöld, íþróttaleikir, svo sem glímur, stökk, kapphlaup, kappreiðar o.fl. eftir föngum. En þar sem hin heiðraða nefnd álítur ungmennafélagið hér á staðnum í ýmsu betur sett en sýsluna, til þess að beitast fyrir framkvæmdum hér að lútandi vísaði hún málinu til þessa félags. —

Að þessu tilefni gefnu hefir hið áðurnefnda ungmennafélag, á félagsfundi sínum 14. marz s.l. tekið mál þetta til meðferðar. Lítur félagið svo á, að hin heiðraða sýslunefnd als ekki hefði getað - sóma síns vegna - vísað málinu til ungmennafélagsins í annan veg en þann, að hún jafnframt gjörði ráð fyrir að sýslan, ef til framkvæmda í málinu kæmi, mundi styrkja það með ofurlitlum peningastyrk. Og þareð ungmennafélagið, þrátt fyrir sinn góða vilja á að beitast fyrir þessu máli, ekki telur sig eftir kringumstæðunum fært um að binda sér þann veg fram að skemtunin geti álitist boðleg hinum heiðruðu gestum eða sýslu vorri sæmileg, án þess til styrks frá hálfu sýslunnar, þá leyfir það sér hérmeð að fara þess á leit við hinn háttvirta oddvita sýslunefndarinnar, að hann með því að gangast fyrir 30 kr. styrkveitingu úr sýslusjóði í þessu skyni vildi stuðla að því fyrst og fremst að mál þetta komist í framkvæmd, og í öðru lagi að það gæti á þann veg, að sú skemtun, sem hér ræðir um, sem bezt næði tilgangi sínum.

Sauðárkrók 18. maí 1909

Fyrir hönd ungmennafélagsins Tindastóls

Jón Björnsson
(ritari)

Til

oddvita sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu

7.

[Bréf frá oddvita sýslunefndar Skagafjarðarsýslu til Ungmennafélagsins „Tindastóll"]

— „ — „ — „

Skrifstofu Skagafjarðarsýslu
Sauðárkrók 19. maí 1909

Í tilefni af bréfi Ungmennafélagsins dags. í gær, þar sem farið er fram á að félaginu sé veittar 30 kr. styrkur úr sýslusjóði til skemtunarhalds í sambandi við aðalfund Ungmennafélaga Norðurlands, er haldinn hér í vor, skal jeg taka fram, að með því að sýslunefndin veitti eigi á fundi sínum í vetur neitt fé til slíks skemtanahalds, brestur mig að sjálfsögðu heimild til að greiða nokkurt fé úr sýslusjóði í umræddum tilgangi.

P. V. Bjarnason

Til
Ungmennafélagsins „Tindastóls"

8.

[Bréf frá fjórðungsstjóra til ungmennafélagsins]

— „ — „ — „ — „ —

Hérmeð tilkynnist Ungmennafélaginu „Tindastóll" á Sauðárkrók að fjórðungsþing Ungmennafélagssambands Norðlendinga verður haldið í Good-Templarahúsinu á Akureyri 8. 9. og 10. marz n.k.

Fjórðungsstjórinn leyfir sér að skora á félagið að senda fulltrúa til að mæta á þinginu fyrir sína hönd.

Virðingarfylst.

Akureyri, 25. jan. 1910

Fjórðungsstjórinn.

9.

[Bréf frá ungm.félaginu Tindast. til hr. hreppstj. Björns Jónss. Veðram.]

U.M.F.Í.

Það tilkynnist hérmeð að U.M.F. Tindastóll á Sauðárkróki af U.M.F.Í. á einum félagsfundi sínum 9. jan. 1910 í þakklátri viðurkenningu þess hversu þessari félagsmyndun og félagsstarfsemi frá hlutaðeiganda mikill og góður styrkur stafað hefir, sem og með ljósri meðvitund þess, hversu hann með miklum skilningi, áhuga og velvild á markmið og alla ástundan þessa félagsskapar litið hefir, með samhljóðan allra atkvæða á téðum fundi kosið hefir og með bréfi þessu kýs og kjósa vill herra hreppstjóra og dannebrogsmann Björn Jónsson á Veðramóti fyrir heiðursfélaga sinn, til félagsskapar þessa gjörvallra réttinda að njóta, en þar í móti til þeirra skyldna einna að svara er hlutaðeigandi heiðursfélaga af U.M.F.Í. sjálfum eftir sínum eigin vilja og hvötum þóknast á sig að leggja.

Til staðfestu nafn vort og innsigli.

Í ungmennafélaginu Tindastóll
10. jan. 1910.

Jónas Björnsson
(ritari)
L. S.

Til
hr. hreppstj. Björns Jónssonar Dbr.m.
Veðramóti

# 10.

[ Bréf frá Birni Jónssyni Hetramóti til
Ungmennafélagsins „Tindastóll" ]

Mér er það bæði skylt og ljúft, að senda hinu heiðraða Ungmennafélagi „Tindastóll" innilegt þakklæti mitt fyrir þann óverðskuldaða heiður og velvild, er það hefir sýnt mér með því, að kjósa mig sem félaga sinn, og þar með gjört mig hluttakanda þeirra réttinda, er hver reglulegur meðlimur öðlast með inntöku í félagið.

Jafnframt þakklæti mínu, óska eg þessu unga og efnilega félagi af heilum hug alls góðs, alls ~~þess~~, þroska og uppgangs, og að framtíð þess verði björt og fögur, og dáðrík til nytsamra framfara. Eg trúi á sigur hins góða málefnis ávalt og alstaðar. Þessvegna el eg þá von í brjósti að félaginu auðnist, ef ekki nú þegar, þá þó innan skamms, eða í nálægri framtíð að koma mörgum af sínum fögru hugsjónum til framkvæmda, og hinum ötulu og ósérhlífnu forgöngumönnum þess auðnist að sjá æskilegan árangur af starfsemi sinni, ekki aðeins innan vébanda félagsins, heldur líka utan starfssviðs þess. Það er trú mín að þetta rætist, Aðeins að félagið vinni ótrauðlega að félagsheillunum, og um fram allt að það vinni í eindrægni, og með sameinuðum kröftum, en sundri þeim ekki, þess ber félaginu fyr og síðar vandlega að gæta.

Félagið heitir „Ungmennafélag" byggt á kristilegum grundvelli. Þetta er fögur og hamingjusamleg undirstaða, sem gefur von um hamingjusamlegan árangur, og eins og hún er háleit, svo er það (ósk ~~mín~~), endurtekin heit ósk mín, að félaginu auðnist að vinna sem flest og sem mest í hinu sæla nafni, og á hinum fagra og trygga grundvelli. Drottinn er sá sem ávöxtinn gefur. Hann styrki og ávaxti fyrirtæki þetta, til alls þess sem gott er og göfugt, hann veiti meðlimunum heillavænlegan árangur af starfi sínu, þeim sjálfum

til gagns og sóma, og landi og lýð til
uppbyggingar í bráð og lengd. —
Og sendi hér með ofurlitla gjöf, er eg
bið félagið þiggja sem vott þess að eg ber til
þess einlæga velvild, og hlýjan innarhug..

Virðingarfyllst

Veðramóti 18. febr. 1910

Björn Jónsson

Ungmennafélagið „Tindastóll" á Sauðárkrók.

11.

[Bréf frá U.M.F. „Tindastóll" til sýslunefndar Skagafj.sýslu
um sundkenslu í köldu vatni]

———— „ ———— „ ———— „ ———— „ ————

Í tilefni af fundarsamþykt á fundi er
haldinn var í Ungmennafélaginu „Tindastóll"
9. jan. 1910 um að koma á sundkenslu
í köldu vatni á kostnað Ungmennafélagsins,
leyfum vér oss að snúa oss til hinnar
háttvirtu sýslunefndar Skagafjarðarsýslu
og leitast þess, að henni mætti þóknast að
veita styrk nokkurn af sýslusjóði til eflingar
þessu nauðsynja fyrirtæki.

Þess skal getið, að við höfum
hugsað oss að hafa sundstaðinn í Skarðs-
hreppi í nánd við Sauðárkrók, með sérstöku
tilliti til þess: 1. Að hann (sundstaðinn) yrði
þá á hagkvæmum stað fyrir 4–5 næstliggjandi
hreppa. 2. að hann sé um miðbik sýslunnar
og í nánd við höfuðstað hennar, og þeim ástæða
til að ætla að hann yrði betur sóttur, en hinn.

afskekktu sundslóðvar, er að þessum hún hafa verið það eina er veitt hefir ungmennum möguleika til að njóta kenslu og æfinga í hinni fögru og nytsömu list, sundinu.
Vér treystum því að hinni háttvirtu sýslunefnd verði þetta hjartfólgið áhugamál, þar sem um verulega eflingu þessarar fögru listar er að ræða, sem að allra viturra manna dómi er nauðsynleg ekki einungis til að efla heilsu og líkamskrafta þeirra er hana iðka, heldur og getur beinlínis verið trygging fyrir lífi manna, ef háska ber að höndum. Vér vonum því að hin háttvirta sýslunefnd leggi ríflegan styrk til framkvæmda þessu fyrirtæki strax á komandi vori.

Sauðárkróki 4. marz 1910
Fyrir hönd Ungm.fél. Tindastóll
Virðingarfyllst
Sundnefndin.

Til
sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu.



[Bréf frá Ungm.fél. „Tindastóll" til sýslunefndar Skagafjs. um styrk til skóggræðslu og annarar ræktunar]

—— " —— " —— " —— " ——

Á fundi, er Ungmennafélagið „Tindastóll" hélt hér á staðnum 27. febr. s. l. hafði félagið ræktun skógs og annara græðing óræktaðs lands til meðferðar sem fundarmál. Hafði málið áður um hríð verið á dagskrá hjá Ungm. félaginu, og á nefndum fundi var svo tekin ákvörðun um það að Ungmennafélagið beittist fyrir þessu mikilvæga máli til framkvæmda. Hvernig framkvæmdunum yrði háttað var þó, eftir því sem á stóð ekki á þeim fundi unt að ákveða með öllu. Í því sambandi skal það þó tekið fram, að félagið æskir helzt að geta þegar í vor tekið blett af algjörlega óræktuðu landi (til ræktunar) hér í grend, að stærð um 4 dagsláttur til ræktunar. Liggi fyrst fyrir að girða slíkan blett, en þá einnig að byrja á ræktunartilraunum nokkrum í honum sem allra fyrst.

En til þess að koma þessu fram þarf
fé, er jafnvel strax að því er girðinguna
snertir, mundi nema eigi all-lítilli upphæð.
Eftir framkominni áætlun frá manni er
fengist hefir við víggirðingar, mundi slík
girðing með vír kosta um 240 kr. og yrði
ekki komist hjá að greiða þá upphæð að
miklu leyti út strax fyrir fyrir girðingarefnið.
Til þess að afla sér slíkrar upphæðar
hefir félagið fyrst farið þá leið að leita
styrks til fyrirtækisins hjá hinum ein-
stöku félögum sínum, og þannig hefir fengist
saman, sumpart í vinnu loforðum sumpt.
í peningastyrk um um 150 krónur, og hefir
þó enn ekki náðst til allra félagsmanna. Má
þetta vissulega eftir ástæðum skoðast sem ljós
vottur þess, hvílíkur sé áhugi ungmenna-
félaganna sjálfra á þessu máli. En betur má
ef duga skal með fjársamlagið og því er
það, að félagið leyfir sér hérmeð að fara
þess á leit við hina heiðruðu sýslunefnd
Skagafjarðarsýslu að hún rétti hinum
unga kröftum hjálparhönd, svo fögru
og nytsömu máli til eflingar og veiti, í því
skyni til fyrirtækis þessa ungmennafélaginu
„Tindastóll“ styrk úr sýslusjóði, er nemi 100 (eitt
hundrað) krónum.

Treystandi hinni heiðruðu sýslunefnd
til að líta með þeirri eftirtekt á þessa við-
leitni ungmennafélagsins, og með þeim skil-
ningi á nytsemi og heilbrigði þeirrar starf-
semi, sem hér um ræðir, að hún leggi fé
þetta fram til fyrirtækisins, væntum vér
þess eindregið, að geta byrjað á verulegum
framkvæmdum málsins á komandi vori

Sauðárkróki 4. marz 1910

Fyrir hönd ungmennafél. „Tindastóll“

Virðingarfylst

Félagsstjórnin.

Til

sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu.

[Bréf frá umboðsmanni Goodtemplarstúkunnar á Sauðárkr. til U.M.F. Tindastóll]

Sauðárkrók 3. apríl 1910.

Mér hefur verið falið af framkvæmdarnefnd Stórstúku Íslands að leita álits yðar um aðflutningsbannslögin. Óska ég því, að þér vilduð láta uppi álit (yðar) þetta, eftir yfirvegun, í fundarályktun, sem mér svo heimiladist að senda Stórstúkunni til birtingar.

Þar sem ég veit að þér starfið á grundvelli kristindóms og bindindis, vona ég, að það kæmi ljóst fram í nefndri ályktun að ungmennafélagið sé hlynnt aðflutningsbannslögunum í höfuðatriðum.

Með virðingu og vinsemd
Árni Björnsson

Ungmennafélagið „Tindastóll".



[Bréf frá Ungm.fél. „Tindastóll" til sr. Árna Björnssonar stúkuumboðsmanns]

Að gefnu tilefni með bréfi yðar dags. 3 apríl þ.á. hafa aðflutningsbannslögin á áfengi verið tekin til umræðu á reglulegum fundi í Ungmennafélagi voru. Eftir all-langar umræður kom fram svohljóðandi tillaga til fundarályktunar:

„Þrátt fyrir alla galla aðflutningsbanns-
„laganna verður fundurinn að álíta rétt að
„þjóðin beiti sér fyrir framkvæmd þeirra, þareð
„fundurinn verður að skoða þá stefnu, sem
„löggjafarþingið hefir tekið, með sérstöku til-
„liti til útrýmingar áfengisbölsins, rétta, og
„hina öruggustu gegn þessu þjóðarböli."

Samþykkt með öllum atkvæðum gegn einu. (Einn greiddi ekki atkvæði).

Ágreiningsatkvæði gegn fundarályktun þessari:
„Ég undirritaður lýsi hérmeð yfir megnri
„óánægju yfir aðflutningsbannslögunum

„frá síðasta þingi og lít svo á, að slík stefna
„sé óheillavænleg fyrir þjóðina.“
Stefán Björnsson
„

Þetta tilkynnist yður hérmeð frá Ungmenna-
félaginu, samkvæmt tilmælum ofan.

Sauðárkróki 9. júní 1910

Fyrir hönd Ungmennafélagsins Tindastóll
Ungmennafélagsins
Jón Björnsson
ritari.

Til
Héraðslæknisembættismannsins í Sauðárkróki.

15.

[Bréf frá ritara fjórðungsstj. Norðlendingafjórðungs]
Jóni Guðlaugssyni Hvammi í Eyjafirði.
dagsett 14. apríl 1911: Áskorun frá fjórð-
ungsstjórn Norðlendingafjórðungs til Ungm.-
fél. Tindastóll um að gangast fyrir há-
tíðarhaldi 17. júní 1911 í Skagafirði í
minningu 100 ára afmælis Jóns Sigurðss.

16.

Bréf frá ritara Norðlendingafjórðungs
dagsett 14. apríl 1911. Innihald: Tillögur
fjórðungsþings Norðlendingafj. (haldið á Akureyri
í marz 1911.) um skógræktardag í Ungmenna-
félögunum.

17.

Bréf frá sýslumanninum í Skagafj. dags 18. (marz)
Tilkynning til U. M. F. Tindastóll um að sýslu-
nefnd Skagafjarðarsýslu hafi á fundi sín-
um s. l. veitt U. M. F. T. 75 krónur til að
gangast fyrir hátíðarhaldi á komandi vori
í minningu 100 ára afmælis Jóns Sigurðssonar.

18.

Bréf frá ritara Norðlendingafjórðungs um kjörbréf til fjórðungsþings. Meðfylgjandi fyrirmynd kjörbréfs. — Bréfið skilað til U.M.F. „Tindastóll“. Dagsett í apríl 1911.

19.

Bréf frá U.M.F. Reykjavíkur
Dagsett 25. ágúst 1911.
Skilað til U.M.F. „Tindastóll“
Efni: Tillögur um samvinnuaðferðir Ungmennafélaganna til að fegra og hreinsa móðurmálið.

20.

Ritgerð frá ritara U.M.F. „Tindastóll“ til blaðsins „Norðurland“ á Akureyri um Minningarhátíð þá er Ungmennafélagið gekst fyrir 17. júní s.l. um 100 ára afmæli Jóns Sigurðssonar. Send til Akureyrar 26. júní. Birtist í næst. tölublaði Norðurlands.

1911

21.

Ritgerð frá ritara U.M.F. „Tindastóll“ til Sambandsblaðs U.M.F.Í: „Skinfaxi“. Innihald: U.M.F. „Tindastóll“. Saga þess — starf þess — ástæður þess og afstaða þess til annara æskufélaga í Skagafjarðarsýslu — og til almennings hér. — Ritgerðin send 22. júní. Birtist í einu næst. tölublaði „Skinfaxa“.

22.

# Reglugjörð [ð]

fyrir glímuverðlaunapening [bikar] U.M.F.T.

1. gr.

(Peningurinn) [Bikarinn] er eign U.M.F. „Tindastóll“ og sé verðlauna- og heiðursmerki þess manns, er unnið hefir til hans samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. gr.

Félagið lætur glíma um peninginn 2svar á ári (vor og haust). Skal það annast allan útbúning og tilkostnað við slíkar glímusamkomur, hvort heldur er úti eða inni, gegn því að arður sá, er af þeim leiðir renni í félagssjóð.

3. grein

Skylt er félaginu, þá er glímu skal þreyta, að gjöra handhafa peningsins aðvart, ekki síðar en með hálfsmánaðar fyrirvara

4. grein

Kappglíma um peninginn skal þreyta með eftirliti dómnefndar, er sé skipuð 3um mönnum og velur U.M.F.Ö. einn af þeim, er skal vera formaður, handhafi einn og keppendur einn. Sé dómnefnd ekki fullskipuð 1 kl.st. áður en glíman skal byrja, velur félagið það sem á vantar. Afl atkvæða ræður úrslitum í nefndinni.

5. grein.

Allir þeir er taka þátt í glímunni eru skyldir að glíma hverja glímu til enda, nema þau forföll banni, er dómnefnd tekur gild. Hætti einhver þátttakandi að ástæðulausu, skal hann borga í félagssjóð allt að 5 krónum. Séu keppendur fleiri en 6 skal hver þátttakandi glíma eina glímu við hvern hinna, en séu þeir færri en 6 skulu þeir allir glíma 2 glímur saman, en þó í 2um lotum og vinnendur svo til úrslita.

Séu keppendur aðeins 2, þá skulu þeir glíma allt að 7 glímum. Dómnefnd ákveður og skipar fyrir um, hverjir skuli glíma saman í hvert skifti. Unnin glíma telst 1 vinningur, ósigur í glímu 0 vinningur. Sigur í kappglímu vinnur sá, er hefir 1 eða fleiri vinninga fram yfir hina. Dómnefnd heldur skrá yfir vinninga.

6. grein.

Handhafaréttt til þessa verðlaunapenings

hefir hver sá, er unnið hefir fyrir honum samkvæmt 5. grein, og sé og hafi verið minsta kosti 6 mánuðina næstu á undan heimilisfastur í Skagafirði.

7. grein

Skyldur er handhafi að mæta í kappglímu, þá er hún er honum boðuð samkvæmt 3. gr. ella sendi peninginn og þar með afsala sínum handhafarétti.

8. grein

Félagið skal tafarlaust taka (peninginn) [með bikarinum] til varðveizlu:

a. Óski handhafi þess.
b. Deyi hann
d. Fari hann burtu úr sýslunni til dvalar ekki skemur tíma en 3 mánuði.
e. Neiti hann að þreyta boðaða kappglímu

9. grein

Eignarréttur á peningnum fellur yfir á handhafa þegar hann hefir unnið til hans í þrjú skifti í röð samkvæmt þessari reglugerð.

10. gr.

Peningurinn skal ávalt í ábyrgð handhafa.

Vetrarmóti á Sauðárkróki des. 1911

Í stjórn U.M.F. Tindastóll

Sigurður Á. Björnsson Jón Þ. Björnsson Páll Jónsson

23.

Bréf frá ritara Norðlendingafjórðungs um fóðurmál, skógræktarmál o. fl. Dagsett 8. júní 1912.

24.

Bréf frá Jóni Pálma, Aksel Kristjánss. og Ólafi Jónssyni frá Nautabúi um frestun á kappglímu um verðlaunabikar Ungm.fél. Dagsett 29. okt. s. á.

25.

Bréf ritara U. M. F. „Tindastóll" til Jóns Pálm. o. fl. um að frestun verðlaunaglímunnar veitist ekki. Dagsett 3. nóv. s. á.

26.

Boðsbréf frá „Orðabókarfélaginu" um áskrifendaútvegun að „Orðabók íslenzkrar tungu". Ritað í maí s. á.

27.

Boðsbréf um nýtt tímarit. Ritað í nóv. s. á.

Ár 1913.

Nr. 28.

Beiðni frá sóknarprestinum og safnaðarfulltrúa Sauðárkrókssafnaðar um fjárstyrk til umbóta Sauðárkrókskirkju. Dagsett 4. febrúar 1913.

Ár 1913

Nr. 29

Tilkynning frá sýslum. um 50.00 styrkveitingu til sundkennslu. Dags. 5/3 1913

# Árið 1914

Bréf frá fjórðungsstjórn Norðlendingafjórðungs
Akureyri

Samkvæmt samþykkt síðasta fjórðungsþings Norðlendingafjórðungs U.M.F.Í. var stjórninni falið að fara þess á leit við ungmennafélögin innan fjórðungsins hvort þau eigi vilji leggja fram að minsta kosti sem svarar 10 aur tíu aurum fyrir hvern félagsmann til eflingar Verðlaunasjóð Norðlendingafjórðungs, er stofnaður var á síðasta þingi. Reglugerð fyrir sjóðinn var birt í Norðurlandi í vor, og nægir að vísa til hennar um fyrirkomulag sjóðsins.

Félögin eru beðin að gera grein fyrir afstöðu sinni í þessu máli á næsta þingi.

Virðingarfylst
fyrir hönd stjórnar Norðlendingafjórðungs
Akureyri 14/1 1914
Jakob Ó. Líndal
(fjórðungsstjóri)

Bréf frá oddvita sýslunefndar Skagafjarðarsýslu.

Skrifstofa Skagafjarðarsýslu
Sauðárkrók 2 mars 1914

Á nýafstöðnum aðalfundi sínum samþykkti sýslunefndin að veita Ungmennafélaginu "Tindastóll" 60 kr (sextíu krónur) styrk úr sýslusjóði til sundkenslu á yfirstandandi ári, gegn því að félagið sjái um sundkensluna, borgi sundkennara, sjái um sundstæði og sundskýli, og sendi skýrslu um kensluna og reikning yfir kostnað af henni til mín, að lokinni kenslu.

Sundnemagjald rennur til félagsins og gangi upp í kostnað við sundkensluna.

Þetta tilkynnist hérmeð félaginu
M. Guðmundsson

Bref frá stjórn U M F Norðlendinga-fjórðungs um þátttöku í íþróttanámi sem ákveðið er að halda skuli á Akureyri síðari hluta þessa vetrar. Bréfið lesið á fundi U M F T þ. 15/11 1914

4.

Bref frá hinu Skagfirska kvennfélagi; um ~~leyfi til þess að~~ lán á leigusal U M F til sjónleika um sýslufundinn. Dagsett 5 Janúar 1915

Til sýslunefndar Skagafjarðarsýslu. d. s. 22 Febr 1915

Fyrir hönd U M F Tindastóll leyfi eg mér að fara þess á leyt að þér veitið af sýslusjóði kr 60.00 (sex tíu krónur) sem styrk til framhalds sundkenslu á komandi vori.

Styrkbeiðni þessari til studnings skýrskotar eg til fyrri ára starfs og skýrslu frá sundkennara ásamt reikning yfir kostnað og tekjur sundsins

Í trausti þess að hin háttvirta sýslunefnd sjái sér fært að styðja þetta nauðsynjamál með áðurgreindu fjárframlagi

Virðingafylst
Snæbjörn Sigurgeirsson

Til sýslunefndar Skagafjarðarsýslu 1916

Fyrir hönd U M F Tindastóll leyfi eg mér að fara þess á leyt við hina háttvirtu sýslunefnd Skagafjarðarsýslu að hún veiti áðurnefndu félagi úr sýslusjóði 60.00 (sextíu kr,) sem styrk til framhaldssundkenslu á komandi sumri með sama fyrirkomulagi og undanfarin sumur hefir verið

Til studnings styrkbeiðni þessari leyfi eg mér að benda á fyrri ára starf, og arangur þess, einnig skýr-~~skotar~~slu sundkennara ásamt reikning yfir kostnað og tekjur sundsins

Í trausti þess að hin háttvirta sýslunefnd sjái sér fært að styðja þetta nauðsynja mál með áðurgreindu fjár framlagi

Virðingarfylst
fyrir hönd stjórnarinnar
[illegible]

Bref frá Oddvita Sýslunefndar d. s. 28 Febrúar 1916

Á nýafstöðnum aðalfundi sínum samþykkti sýslunefndin að veita Ungmennafélaginu „Tindastóll" 100 kr styrk úr sýslusjóði á yfirstandandi ári til sundkenslu, gegn því að félagið annist sundkensluna, borgi sundkennara, sjái um sundstaði og sundskýli og sendi skýrslu og reikning um sundkensluna að henni lokinni til mín. Í skýrslunni um sundkensluna sé getið nafna og heimilis nemendanna, aldurs þeirra, tíma þess er þeir njóta kenslunnar og hvort þeir hafi áður notið kenslu í þessari íþrótt.

Sundnemagjöld renni til félagsins og gangi upp í kostnaðinn við kensluna

Þetta tilkynnist yður

Magnús Guðmundsson

Bref frá Ræktunarfél. Norðurlands

d. s. 4/11 1915

Með bréfi 14/5 1915 hefir U M F Tindastóll sótt um styrk til Ræktunarfél Norðurlands til ræktunar gróðrarreit síns. Á fundi sínum 28/10 s. l. hefir stjórn Ræktunarfélagsins heimilað félaginu 60.00 kr gegn því að gróðrarreitnum sé haldið sem sýnisreit fyrir garðjurtir og trjárækt og félagið sendi skýrslu um gróðrarstarfsemi sína að fengnum skýrslum um starfrækslu og uppskeru síðastliðið sumar verður styrkurinn sendur

Jakob H Líndal

afrit

Samband U.M.F.Í.

Reykjavík 10 Marz 1921.

Í bréfi dags. 7. júlí f. á. er við sendum öllum sambandsfélögum U.M.F.Í. mintum við á nytsemi íþrótta, og nauðsyn þá, að stofna íþróttaskóla á Íslandi. Vonum við að þið hafið fengið það bréf og athugað efni þess á félagsfundum ykkar.

Í nefndu bréfi fórum við fram á, að þið reynduð að safna í ykkar sveit nokkru fé, til íþróttaskólastofnunar, eða að minsta kosti reynduð að athuga möguleika fyrir því. Við væntum fastlega svars frá ykkur í haust eða fyrri hluta þessa vetrar, svo við fengjum að vita um undirtektir ykkar og tillögur um málefnið. Enn þá höfum við ekki fengið svar ykkar ennþá og undrumst við það mjög.

Við skrifum ekki ítarlega um málið að þessu sinni; vísum til þess er stóð í nefndu bréfi frá 7 júlí f. á. Þess viljum við þó geta, að félögin hafa tekið hugmyndinni um stofnun skólans opnum örmum. : :

Svörin frá þeim eru mjög á einn veg, lýsa eindregnum áhuga á fyrirtækinu. Félögin óska og vona að íþróttaskóli komist á fót hið allra fyrsta, og tjá sig fús til að gjöra alt er í þeirra valdi stendur til þess að það megi verða. Sjáanlega mikið fé hefir þegar safnast á svo skömmum tíma og loforð um áframhaldandi fjársöfnun. Nokkuð er þegar komið í okkar hendur til varðveitslu, en sum félögin hafa sent okkur skýrslu um fjársöfnun sína, en geyma sjálf peningana þar til þau fá að vita, að stofnaður hefir verið sérstakur íþróttaskólasjóður.

Íþróttaskólamálinu er því nú svo komið, að vaknaður er mjög eindreginn og almennur áhugi á því meðal ungmennafélaga um alt land. Menn finna hve þörfin er brýn, að skólinn komist á fót sem allra fyrst og öllum virðist vera ljóst hve mikils gæti má vænta fyrir íþróttalíf þjóðarinnar.

Sérstakur íþróttaskólasjóður verða stofnaður, af samskotafé frá ungmennafélögunum, en það er ætlun okkar; að skrifa ekki um málið opinberlega, fyr en sá sjóður er kominn það á veg, að þing og stjórn ríkisins og alþjóð geti séð, að alvara og hugur

fylgi máli, en eigi sé að ræða um orðagjálfur eitt; svo sem ungmennafélögum hefir stundum verið núið um nasir, þegar dæmt hefir verið um ýms málefni þeirra, að vísu af skilningsleysi og vanþekkingu, en samt til mikillar óþurftar fyrir félagsskapinn.

Vér leyfum okkur því hér með að skora alvarlega á ykkur, og biðjum ykkur vinsamlega kæru félagar, í nafni góðs málefnis, að þið hefjist handa þegar er þér fáið bréf þetta.

Vonum við fastlega að þið látið ekki ykkar hlut eftir liggja, en reynið að taka þátt í þessu þarfa fyrirtæki, eftir því sem ykkur er kleift. Ennfremur treystum við því að þið látið okkur vita um undirtektir ykkar, svo fljótt sem unnt er.

Það verður væntanlega hlutverk næsta sambandsþings sem haldið verður á komandi vori að kveða á um frekari framkvæmdir þessa fyrirtækis og hrinda því lengra áleiðis

Er því nauðsynlegt, að svör frá ykkur komi svo tímanlega í okkar hendur að við getum einnig haft þau til

hliðsjónar við undirbúning málsins fyrir sambandsþingið.

Í sambandsstjórninni

Jónas Jónsson Jón Kjartansson
Guðmundur Jónsson

Afrit

Akureyri 28/4-20

Ungmennafélag „Tindastóll“
Skagafirði.

Samband norðlenskra kvenna hefur falið fjársöfnunarnefnd Heilsuhælis Norðurlands að fara þess á leit við Ungmennafélög hér á Norðurlandi að þau gengjust fyrir því, hvert á sínu svæði, að 17 júní yrði haldinn hátíðlegur til ágóða fyrir heilsuhælissjóð Norðurlands.

Virðingarfylst

Anna Magnúsdóttir
(form. nefndarinnar)

Sigurlaug Jónsdóttir
(ritari)

Afrit

Akureyri þ. 3 Maí 1920

Til U.M.F. „Tindastóll“
Sauðárkrók

Hér með leyfum við oss að tilkynna yður að U.M.F. Akureyrar hefur tekið að sér forstöðu íþróttamóts þess, sem halda á 17. júní nú í vor. Ennfremur viljum vér skora [fastlega] á yður að veita aðstoð yðar við mótið með góðri þátttöku.

Vér vonumst eftir svari frá yður um hve marga íþróttamenn þér munið geta sent á mótið, og í hvaða íþróttum þeir taka þátt.

Utdrátt úr þinggerðinni seinustu getum vér því miður ekki sent yður, fyr en með næsta pósti.

Með vinsemd og virðingu
f.h. Fjórðungsstjórnar

J. Frímannsson
(ritari)

afr.

Sauðárkrók 26/5 1920.

Herra ~~ritstjóri~~ ritari!

Eg hef móttekið bréf yðar til U.M.F. „Tindastóll" í vor. En hvað annað bréf snertir frá í fyrra þá hef eg ekki getað fengið upplýsingar um að það hafi komið til skila; og hafi því fyrverandi formaður víst af sömu ástæðu ekki getað svarað því. Þetta bréf var lagt fyrir næsta fund, sem haldið var að halda, og var talsvert rætt um það, til og frá, og komu helst þær skoðanir í ljós með því ef til vill að málið sé okkur tæplega nógu ljóst — að eigi væri þörf á slíkum skóla þar að flestir mundu menn okkar lands, sem sækja mentun í góða skóla frá öllum heimilum landsins sem hefði til aftur heimkomu að kenna allar nauðsynlega íþróttir. Þetta frá okkar gjörðar mundi alveg fullnægjandi, og mun ódýrara fyrir land og þjóð.

Þetta mun nú aðalástæðan fyrir því að fundurinn samþykti eftir fylgjandi tillögu.

Hitt hefir einnig nokkuð að segja að við erum fámennir, en höfum þó tvö fyrirtæki í gerð heimta alla okkar krafta, er við getum mist frá okkar daglega striti. fyrir tilveruna M.fl. Íþróttarreit og heyforðabúr.

Tillagan hljóðar svo.

Fundurinn sér sér ekki fært að leggja fram fé til íþróttaskólabyggingar þar er við höfum með höndum ýmsar framkvæmdir, bæði í héraði sem útheimta talsvert fé.

Tillagan samþykt með öllum atkvæðum

Virðingarfylst

f.h. U.M.F. „Tindastóll"

Snæbjörn Sigurgeirsson

(formaður)

Afr.

Ólympíunefnd Í.S.Í. Reykjavík 10. des. 1921.

Svo sem yður er þegar efalaust kunnugt hefur Íþróttasamband Íslands skipað nefnd sem á að undirbúa þátttöku Íslendinga í næstu Olympíuleikjum sem háðir verða í París 1924.

Það er ljóst, að undirbúningur er ekki langur, og verður því að hefjast handa þegar í stað.

Nefndin telur mikið af starfi sínu muni vera falið í því, að leiðbeina félögum um land alt, um íþróttaiðkanir og leikmót, en til þess þarf hún að fá glöggva vitneskju um störf þeirra og aðstöðu.

Í því skyni sendir nefndin yður meðfylgjandi skýrslu og væntir þess, að þér gerið svo vel að útfylla hana nákvæmlega og sendið hana ásamt öðrum þeim upplýsingum, er að gagni kynni að vera með næsta pósti.

Með vinsemd og virðingu

Ólympíunefnd Í.S.Í.

Sauðárkróki 7 febr. 1922.

Ólympíunefnd Í.S.Í. Reykjavík.

Þökkum yðar heiðraða bréf dags. 10/12 1921.

Undirritaðri nefnd, hefur verið falið að sjá um íþróttaiðkun í U.M.F. „Tindastóll".

Leyfir hún sér að fara þess á leit við hina háttvirtu Ólympíunefnd Í.S.Í. um að gefa frekari upplýsingar um hið fyrirhugað íþróttanámskeið sem halda á í Reykjavík á næst komandi vori.

Einnig æskjum vér eftir áliti yðar um hentug áhöld til íþróttaiðkana.

Sjáum vér oss ekki fært að senda mann á fyrnefnt námskeið, þætti oss æskilegt að fá skriflegar leiðbeiningar um ýmsar útiíþróttir, svo sem: Spjótkast, kringlukast, kúluvarp, stökk og hlaup.

Í von um góða samvinnu, erum vér með virðingu

Íþróttanefnd U.M.F. „Tindastóll".

Magnús Bjarnason Kr. C. Magnússon. ~~[illegible]~~
Eysteinn Bjarnason. Valgard Blöndal.

April

Akureyri 15/12 '21.

Til: U.M.F. „Tindastóll" Sauðárkróki.

Vér undirritaðir höfum verið kosnir af U.M.F.A. til að sjá um að haldið verði skíðamót hér við Akureyri í vetur.

Tilgangur bréfs þessa er, að vekja áhuga á skíða íþróttinni, og hlutast um að fá sem flesta þáttakendur á hinu fyrirhugaða skíða-móti. Það er mjög tilfinnanlegt hve mjög við Íslendingar iðkum lítið skíðaferðir, og flestum ber saman um að heldur hafi hrakið aftur á bak en miðað áfram nú síðari árin.

Svo má ei lengur ganga, og er það ásetningur U.M.F.A. að gangast fyrir því að sem flestir læri að fara á skíðum, sér til léttis í ferðalögum, andlegrar og líkamlegrar hressingar, og sér til skemtunar. Alt þetta geta skíðaferðirnar gert í senn. Hið fyrirhugaða mót viljum vér

halda í febrúar m., verður kept í:

10-km kappgöngu fyrir pilta eldri en 16 ára
5 -„- „ ——— „ — drengir yngri en 16 ára
Brekka með loftshlaupi fyrir pilta eldri en 16 — —
„ —— „ ——— „ — drengi yngri — „ —

Í öllum 4 greinunum verða veitt 1-3 verðlaun sem sé silfurpeningar. Piltar mega ekki hafa styttri skíði en 6 feta í kappgöngunni, og drengir ekki styttri en 5 feta. Dómnefnd verður að viðurkenna allan skíðaútbúnað bæði í Brekku og kappgöngu, að öðru leyti verður mótinu hagað líkt og móti því er haldið var hér í fyrra. Ef tiltækilegt þykir verður að enduðu móti haldin skemtisamkoma í samkomuhúsi Akureyrar og þar afhent vinnendum verðlaun sín, fluttur fyrirlestur með skuggamyndum um skíðaferðir o. fl.

Það væri mjög æskilegt að sem flest héruð eða félög sendi skíðamenn sína á mótið, því vér þykjumst þess fullvissir að þeir muni taka heim með sér eitt eða annað gott og nytsamt fyrir þessa þörfu íþrótt. Mjög æskilegt væri að vér fengjum tilkynningu um hve þáttakan yrði mikil, eigi síðar en 15 jan því þá verður mótið auglýst í Akureyrarblöðunum. Með virðingu.

Sveinbjörn Jónsson. A. Frímannsson

afr

Sauðárkróki 10 febr. 22.

Til

Sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu.

Hér með leyfi eg mér, að fara þess á leit, að hinni heiðruðu Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu mætti þóknast að veita U.M.F. Tindastóll á Sauðárkróki kr 60,oo – sextíu krónur af sýslusjóði, sem sundstyrk til framhalds sundkenslu á næsta vori.

Með því að félagið hefur áður átt því láni að fagna að hljóta styrk frá nefndinni í sama augnamiði, og henni þar af leiðandi er fyrri ára starfsemi þess kunn, færi eg ekki frekar rök fyrir styrkbeiðninni; en treysti því að hin heiðraða nefnd meti, enn sem fyr, að verðleikum nytsemi sund-kenslunnar, og sjái sér fært að veita félaginu umbeðinn styrk.

Virðingarfylst.

R.G. Gíslason.

afr

Skrifstofu Skagafjarðarsýslu
Sauðárkróki 21 marz 1922

Á síðasta aðalfundi sínum samþykkti sýslunefndin að veita yður vegna sundkenslu yfirstandandi ár kr 60,oo með þessum skilyrðum:

1. Allir nemendur, er eigi hafa stundað námið áður greiði kr 2 í námsgjald.
2. Próf sé haldið í kenslulok að viðstöddum óviðriðnum manni, er gefi vottorð um árangur kenslunnar.
3. Hver nemandi stundi námið minst í 6 daga.
4. Skýrsla um námið sé send sýslumanni ásamt kosnaðar-reikningi. Skýrslan sýni tölu nemenda, aldur þeirra, námstíma, nemendagjald, prófeinkanir og hve langur er kenslutími daglega.

Sé þessum skilyrðum ekki fullnægt, má ekki búast við neinni greiðslu úr sýslusjóði.

Kr Linnet.

Til:

U.M.F. „Tindastóll" — Sauðárkróki

afr

# Námskeiðsnefnd Íþróttafélags Reykjavíkur 1922

Rvík 23 febr '22.

Námskeið í íþróttum fer væntanlega fram á íþrótta vellinum á Reykjavík frá 15. júní til 15. júlí 1922.

Tilgangur félagsins með námskeiði þessu, er að útvega íþróttafélögum á landinu og kennurum við skóla landsins svo góða og tímavarandi kenslu í leikfimi og útiíþróttum sem hægt er, svo að þeir verði hæfir kennarar og dómarar í þessum greinum hver á sínum stað - og geti orðið eftirlitsmenn fyrir Í.S.Í. með kepni um afreksmerki þessi.

Æfingar verða í:

1. Leikfimi: a) fríztandandi æfingum b) Áhaldaæfingum, c) Bóklegri fræðslu
2. Spjótkasti, kringlukasti, kúluvarpi, hástökki lángstökki, stangarstökki og alskonar hlaupum.
3. Sundi: væntanlega alskonar sundæfingum.
4. Knattspyrnu, kenslan verður reglur og lög og alt sem knattspyrnu viðkemur bóklega; og nokkrar æfingar til skýringar.

Reglulegur starfstími 8 klukkustundir.

Fyrirlestrar munu verða fluttir.

Íþróttafélagið hefur von um einn eða tvo kennara í nefndum íþróttum frá Christiania Turnforening, auk þeirra kennara sem hér eru fyrir.

Skilyrði fyrir þátttökunni eru þessi:

1. Nemendurnir verða að skuldbinda sig til þáttöku allan tíman sem námskeiðið stendur yfir - í öllum íþróttum nema sundi og knattspyrnu, ennfremur er þeim skylt að haga sér eftir skipunum þeim og reglum sem nefndin setur.
2. Þátttakendur fá kensluna ókeypis, en ferða kostnað og uppihald í Reykjavík greiða nemendur sjálfir.

Ef þér sjáið yður fært að senda mann eða menn á námskeið - ið, biðjum vér yður gera svo vel að láta oss vita hið allra fyrsta, og munum vér svo tilkynna yður nánar seinna.

Virðingarfylst:

Námskeiðsnefnd Í.R. 1922.

A. J. Bertelsen
formaður

Matth. Einarsson. Helgi Jónasson Steindór Björnsson

Haraldur Jóhannesson.

Utanáskrift:

Námskeiðsnefnd Í.R. 1922. Box 545. Reykjavík.

afr

U.M.F. Tindastóll. Sauðárkróki.

Sauðárkróki 20 marz 1922

Námskeiðsnefnd Í.R. 1922.

Þökkum bréf yðar dagsett 23 s.l. Lýstum velþóknun vorri á væntanlegu námskeiði og óskum því góðs gengis. Teljum því miður ekki líklega þátttöku frá okkar hálfu vegna þess að vér höfum áður ákveðið að leggja meginið af því fé, sem vér höfum yfir að ráða, til ýmsra framkvæmda heima fyrir.

Virðingarfylst

K. G. Gíslason
formaður

afr

Glímufélagið „Ármann".

Reykjavík 21. marz. 1922.

Háttvirtu stjórnendur!

Um leið og við sendum yður meðfylgjandi auglýsingu viljum við, með nokkrum orðum, vekja athygli yðar á nokkrum atriðum þar að lútandi.

Aðalósk okkar er að sem flest íþrótta og Ungmennafélög landsins, geti tekið þátt í mótinu með sem bestum árangri.

Skemtilegast væri að allir þátttakendur hvers félags yrðu eins búnir og með merki félagsins.

Í.S.Í, og framkvæmdanefnd mótsins mun af fremsta megni stuðla til þess að þátttakendur fái að einhverju leyti sem bezt kjör hvað fargjöld snertir.

Ennfremur viljum við benda yður á að sækja um þátttöku í mótinu fyrir 1. júní, en þátttaka er þeim heimil sem eru í Í.S.Í. og verður í öllu farið eftir leikreglum Í.S.Í. á þessu móti.

Að lokum viljum við benda yður á, að mikið tillit verður tekið til keppenda á þessu móti, hvað viðvíkur undirbúningi undir næstu Ólympíuleika 1924.

Virðingarfylst. Í framkvæmdanefnd allsherjarmóts Í.S.Í.

Gíslon Kr. Guðmundsson. Egg. Jóhannsson. Sv. Gunnarsson. Tr. Gunnarsson
Ingimar Jónsson. Valdimar Sveinbjörnsson. Magnús. Stefánsson.

Afr.

Sauðárkróki 2 marz 1922.

Háttvirta sjúkrahúsnefnd!

Okkur undirritaðri nefnd höfum að tilhlutun U.M.F. Tindastóll verið falið að skora á yður að sjá um að baðáhöldum sjúkrahússins hér á staðnum verði komið í það lag að nothæft verði sjúklingum og borgurum bæjarins. Sjái háttvirt sjúkrahúsnefnd sér ekki fært að kosta viðgerð á umtöldum áhöldum, förum vér þess á leit að fá þau leigð til almenna notkunar, þar sem þau eru; æskjum vinsamlegast svars ásamt leiguskilmála fyrir 21. þ. m.

Virðingarfylst.

Íþróttanefnd U.M.F. „Tindastóll"

Magnús. Bjarnason. Kr. C. Magnússon [illegible]
Eysteinn Bjarnason. Valgard. Blöndal.

Til:

Sjúkrahúsnefndarinnar.
á Sauðárkróki.

Afr.

Reykjavík 21. febr. 1922

Herra formaður!

Því var hreyft á síðasta sambandsþingi U.M.F.Í. að ungmennafélögin réðu of litlu í Í.S.Í. Þessvegna langar mig til að vita hvort félag þitt gæti ekki fallist á að herra Konráð Jónsson frá Bæ (Samvinnuskólanum) mæti sem fulltrúi U.M.F. Tindastóll. Aðalfundur Í.S.Í. verður 2. apríl n.k. Sennilega ganga þá einhverjir úr stjórn Í.S.Í, og væri vert að U.M.F. sem í sambandinu eru ráði nokkru um það hverjir taka við. Sömuleiðis þyrfti að breyta aðalfundartíma Í.S.Í. þannig að fjarstödd félög gætu framvegis sent fulltrúa á fundina, hvort að heiman frá sér. Svo að Í.S.Í. geti starfað að þjóðþrifum, þurfa öll félög að fylgjast vel með. Öllum félögum sem eru í Í.S.Í, sendi ég svo hljóða bréf, og bendi þeim öllum á góða menn, sem hér eru staddir. Bið ég þau að senda mér umboð og skal ég þá sjá um að fulltrúarnir mæti á fundinum. Sömuleiðis sendi ég eyðublað undir umboð, sem getur gilt sem kjörbréf á fundinn, en ef símskeyti er sent, má hafa það styttra. Treysti ég ykkur svo vel að svara fljótt og vel.

Með vinsemd og virðingu:

Magnús. Stefánsson.

Afr

Sauðárkróki 20 marz 1922.

Herra Sambandsstjóri!
Þakka bréf þitt frá 21. febr. o. l. Ég bar það undir félagsfund svo fljótt sem unt var, og þrátt fyrir það þótt tillaga þín um að eiga fulltrúa á Í.S.Í fundinum væri talin góð og gild, var þó samþykkt að hafna henni að þessu sinni, með því að herra Konráð Jónsson frá Bæ er ekki félagsmaður í U.M.F. „Tindastóll".

Með vinsemd og virðingu

R. G. Gíslason
formaður.

Afr

Samband U.M.F.Í.

Reykjavík 24/2 1922

Ungmennafélagar!
Á Sambandsþingi U.M.F.Í. sem haldið var í R.vík dagana 26-28 júní s. l., var nýrri Sambandsstjórn kosin af stokkunum.
Það skiftir hér engu hvað þessir nýju stjórnendur heita, enda hefur það verið birt í „Skinfaxa", en það sem skiftir er, að enn hefir þessari stjórn ekki borist ein einasta skýrsla frá félögunum, og sárlítið fyrir „Skinfaxa".
Þetta verður að lagast fljótt, því fyr en við fáum skýrslur getum við ekkert gert, ekki einu sinni náð landssjóðsstyrknum, og sé „Skinfaxi" ekki borgaður getur hann ekki komið út.
Upplag skýrsluformanna gömlu er þrotið og fjárhagur Sambandsins þannig, að stjórnin sér ekki fært að láta prenta ný skýrsluform nú. Treystum við því stjórnum félaganna, að hlaupa undir bagga, og senda skýrslurnar á venjulegum strykuðum örkum, þær skýrslur sem við hér með biðjum um eru fyrir árin 1920—21

Sambandsstjórnin gerir hvorutveggja í senn með þessu brefi, að hún biður stjórnir hvers ungmennafelags, hið besta hún getur, um að bregðast drengilega við þessu brefi – og gera fljót og góð skil, og hún leggur það kröftuglega til – að unna sér ekki værðar fyr en það er gert.

Og kaupendur „Skinfaxa" vitið þið hvernig nú er ástatt fyrir honum?

Hann á við áramót ekki eyrir í sjóði, hann er stórskuldugur Sambandssjóði; honum hefur borgast örlítið s. l. ár og stjórnin þorir engan fastan starfsmann að ráða við blaðið.

Fyrst um sinn mun hún þó reyna að halda blaðinu úti með því móti að vinna að útkomu þess sjálf og endurgjaldslaust. En fljótt verður að skipast um hagi blaðsins, því stjórnin getur ekki gefið það út á sinn kostnað. – Hér er því bara um tvent að velja, annaðhvort borgið þið blaðið fljótt, eða þið drepið það, og setjið með því óafmáanlegan blett á U.M.F Íslands, og vinnið sambandinu að öðrumleyti stór-tjón – því blaðið getur verið sterkasti þátturinn í felagsskapnum, og hefur enn nóga krafta til að verða það, og skal verða það sé hann að eins borgaður.

Það er meir en leitt að við erðum alltaf að senda ykkur aðfinnslubref, þau ættu að vera öðruvísi, og þau gætu orðið það ef þið gerið ykkar hluta.

Komið félagar, kaupendur „Skinfaxa" og allir aðrir, hjálpið okkur nú til að kippa öllum óreglu í lag, svo framhaldsstarf okkar geti orðið félags-skapnum til gagns.

Ógrynnin öll eru að starfa; við viljum vel, og „sitt besta nú gera og ef til vill meira".

Loks kveðjum við með vinsemd og ósk um farsælt nýbyrjað ár.

Hvernig það verður U. m. f. skapnum í landinu er okkur sjálfum í lófa lagt.

Í Sambandsstjórninni

Magnús Stefánsson

Guðrún Björnsdóttir

Afr.

Sauðárkróki 18 apríl 1922

Herra Sambandsstjóri!

Um leið og eg þakka bréf þitt frá 24/2 þ. á. legg eg hér með ársskýrslu fyrir U.M.F. „Tindastóll“ fyrir árið 1921.

Nokkur undanfarin ár hefur félag vort ekki verið í Sambandi U.M.F.Í., nema að nafninu, með því að það gat ekki haldið nógu marga fundi á tímabili, til þess að geta haldið lögákveðnum skyldum Sambandsins. En í vetur bættust félaginu svo kraftar að það hefur getað starfað samkvæmt stefnuskrá sinni, og er því sem stendur að eg hygg fært um að uppfylla skyldur sínar við Sambandið, til þess að meigast telja með í því.

Með skýrslu til bréfs þíns ds 21/3 þar sem þú virðist telja félag vort í Í.S.Í., en ég fæ ekki séð af skýrslum þess að það hafi gengið í Í.S.Í., óska eg að vita hvort félög þau sem eru í Sambandi U.M.F.Í. teljist líka í Í.S.Í. eða hvort þau þurfa að ganga í það sérstaklega.

Með vinsemd og virðingu

R. G. Gíslason

p.t. formaður.

---

Afr.

Reykjavík 19 júní 1922

Háttvirtu íþróttamenn, íþrótta- og ungmennafélög!

Við Íslendingar erum að búa okkur undir þátttöku í næstu Olympíuleikjum og þess er vænst að hver íþróttamaður reyni að þroska sig íþróttalega eftir beztu getu. Verða því íþrótta- og ungmennafélögin að gera sitt bezta til að hjálpa þeim í þessu m.a., með því, að sjá um að íþróttatæki séu nægileg til æfinga.

Með því að svörin sem Olympíunefnd Í.S.Í. fjekk við fyrirspurnunum sem hún sendi síðastl. vetur til Íþrótta og ungmennafélaga úti um land, bera með sér, að mikill hörgull er á þessum tækjum alstaðar, og það jafnvel svo, að íþróttaiðkanir hafa lagst niður, þar sem byrjaðar hafa verið, og áhugi annars mikill. Og þessi tæki hafa til skamms ekki verið fáanleg hér á landi, og með því að nokkur félög og einstaklingar hafa beðið mig að útvega sér þessi tæki; með því og hinsvegar að ég hefi fengið góð sambönd, bæði hvað verð og gæði snertir um kaup á þessum áhöldum — þá hefi eg gert pöntun á dálitlum birgðum, með það fyrir augum, að bæta úr brýnustu þörfinni í þessu tilliti. Ég leyfi mér því að bjóða yður hértaldar vörur, með niðursettu verði, sem er mjög lágt, og vonast til, að þér notið tæki- færið til að fá yður þau áhöld, sem yður vantar.

Virðingarfylst:

Ólafur Sveinsson.

Símskeiti frá Reykjavík
No 3. orð 12 þann 2/6 1922 kl 10,30

Ú.M.F. „Tindastóll" Sauðárkróki

Eimskip – lækkar – helming fargjalds.
Keppendur alsherjamótsins opinberið þetta.

„Ármann".

Afrit

Akureyri 12 maí 1922.

Ungmennafjelag Tindastóll!

Á fjórðungsþingi U.M.F. Norðlendinga er háð var á Akureyri 7. April s. l. var fjórðungssambandinu slitið og skift eignum þeim, er fjórðungurinn átti.
Nefnd sú er kosin var í skiftamálið, ákvað, að í ykkar hlut komi fje það er þið skulduð fjórðungssambandinu. Var það fyllilega jafn hlutur við þau fjelög önnur er skiftahluti fengu.
Uppúr fjórðungssambandinu var svo myndað Hjeraðssamband U.M.F. Eyjafjarðar.
Í nafni allra Ungmennafjelaga er með ykkur hafa verið í fjórðungssambandinu, viljum við þakka störfin og samvinnuna og óskum af heilum huga að fjelag ykkar blessist og blómgist og gerist brautryðjandi ungmennafjelaga –

skaparins í Skagafirði.
Með kærri kveðju
Í stjórnf. U.M.F. E.

Jón Sigurðsson (hjeraðsstjóri)    Jón Kristjánsson (ritari)

Afr.

Sandárkróki 25/nov. '22

Guð blessi framtíð U.M.F. „Tindastóll", og hvers einstaks fjelagsmanns.
Þökkum kærlega boðið til afmælis-fagnaðar fjelagsins.
Höfum því miður ekki ástæðu til að nota það.

Herdís Pjetursdóttir
Hálfdán Guðjónsson.

Til
U.M.F. „Tindastóll"
Sandárkrók.

Afrit

Reykjavík 4 maí 1922.

Heiðruðu fjelagar!

Stjórn Alþýðusambands Íslands hefur átt tal við marga Ungmennafjelaga víðsvegar að af landinu og þar á meðal okkur sem brjef þetta sendum. Aðal erindi hennar var að skora á okkur að hvetja fjelögin til að halda Sundnámsskeið og byrja strax á næsta vori, ennfremur hvetja til öflugrar bindindisstarfsemi í hverju fjelagi. Við sem á fund vorum kallaðir til ráðagerða um þetta mál, gáfum þar upplýsingar að auðgert yrði að fá fjelögin til að taka bindindisstarfsemina upp á stefnuskrá sína, þar sem flest þeirra hefðu nú þegar gert það. Um hitt málið sögðum við að viljann vantaði ekki til að hrinda í framkvæmd, en bærum við fjeleysi. Við þessu gaf stjórnin það svar að hún mundi fús til að rjetta fjelögunum hjálparhönd í þessu efni, en kvaðst ekki hafa annað fje handbært í bráðina en dálítið upplag af smá-bæklingi sem heitir „Jafnaðarstefnan á Íslandi“. Bækling þennan kvaðst hún fús á að láta okkur fá gefins til að senda fjelögunum, samt með því skilyrði að fjeð sem inn kæmi fyrir hann yrði aðeins varið til nefndrar sundkenslu, fyr eða síðar. Seinna sagðist stjórnin mundi láta okkur hafa með sama skilyrði rit um Goodtemplarastarfsemina á Íslandi eftir Þorvarð Þorvarðarson Stórtemplar. Er ekki komið út enn. Þessu boði sáum við ekki ástæðu til, annað en taka þakksamlega. Höfum því tekist á hendur að senda bæklinginn út til flestra U.M.F. á landinu. Ef meira skyldi seljast en þegar hefur verið sent, er ekki annað en skrifa eftir meiru. En komi fyrir að ekki seljist alt, sem við höfum sent,

eru þið vinsamlega beðnir að endur-
senda afganginn til hr. Erlends Erlendssonar
Bjarnaborg Reykjavík.
Bæklingurinn er seldur hjer á 50 aura st.k.

Virðingarfyllst

Magnús Stefánsson
Sambandsstjóri U.M.F.Í.

Erlendur Erlendsson
U.M.F. Eldborg

Gunnar Jónsson
í U.M.F. Framsókn

Valdemar Þórðarson

Hérmeð 25 eint.

# Brjef

sem hafa borist U.M.F. „Tindastóll"
á fjelagsárinu
1923-24.

afrit

Sauðárkrók 22 júní 1923.

Til Ræktunarfjel. Norðurlands Ak.

U. M. F. Tindastóll á Sauðárkróki hefir eins og yður er efalaust kunnugt haft þar dálitla tilraunastöð undanfarin ár. Þar sem ræktaðar hafa verið trjáplöntur, runnplöntur, blóm og matjurtir.
Þetta tilraunasvæði fjelagsins er all stórt, en vegna fjárskorts hefir fjelaginu verið um megn að gera fyrir það eins mikið, og þurft hefði, en trjá og blóm reiturinn sýnist nú vera í góðri framför.
Fjelagið rjeðst því í það nú í vor að girða nokkurn hluta svæðisins með bárujárni. Það er góð girðing en tilfinnanlega dýr. Helmingur svæðisins var girtur á þennan hátt í vor, og kostaði það fjelagið tæpar 600,00 kr.
Vjer leyfum oss því að fara þess á leit við Ræktunarfjelagið að það styrki okkur í þessari viðleitni eins ríflega og það sjer sjer fært. Jafnframt sem vjer þökkum trjá og blómplöntur, sem við fengum frá Ræktunarfjelaginu í vor, til að fylla í skörðin og auka trjáræktina hjá okkur leyfum við okkur að draga greiðslu þeirra í von um væntanlegan styrk.

Fyrir hönd U. M. F. Tindastólls

Virðingarfyllst.

P. Hannesson.

afrit.

Ræktunarfj. Norðurlands.   Akureyri 30 júlí 1923.

U. M. F. Tindastóll!

Brjef yðar meðtekið, dagsett 22 júní höfum við styrkt með plöntusendingunni, og skal svo vera að þjer fáið gefins yðar plöntur. Styrk í því tilliti lofar Ræktunarfjelagið framvegis, ef tök verða á.

Virðingarfylst
p.p. Ræktunarfjelag Norðurlands

Ingim. Óskarsson.

afrit.

Ungmennasamband Kjalarnesþings.

Reykjavík 28 ágúst 1923.
Pósthólf 552.

Kæru fjelagar!

Það haustar óðum, og með haustinu streymir fólkið í kaupstaðina til náms og til atvinnurekstrar um lengri eða skemri tíma. – Þessi straumur er, sem kunnugt er, miklu mestur til Reykjavíkur, og með þessum straumum fljóta ungmenna-fjelagar hópum saman hvaðanæfa af landinu.

Undanfarin ár hefur enginn vitað hversu margir ungmennafjelagar ofan úr sveitum og úr öðrum kaupstöðum hafa dvalið hjer í höfuðstaðnum, en þar eð það er mjög bagalegt bæði fyrir þessa einstaklinga og fjelagsheildina, ef allir þessir menn slitna út úr fjelagshringnum allan þennan tíma er þeir kynnu að dvelja hjer, þá hefur stjórn U. M. S. K. hugsað sér að bæta nokkuð úr því tjóni, er af þessu geti stafað,

með því að opna einskonar samkomustöð
fyrir ungmennafjelaga á næstkomandi
hausti. Sú stöð verður opin alla miðvikud.
eftir kl. 6. og verður fyrst um sinn í
Mjóstræti 6. (skrifstofu prentsm. Acta).
Í öðru lagi með því, að skora hjermeð
alvarlega á stjórnir allra U. M. F. á
landinu, að senda okkur nöfn og dvalar-
stað ef mögulegt er fjelaga sinna
þeirra er hingað flytjast á komandi
hausti, svo og skóla þá, er þeir væntan-
lega sækja hjer eða atvinnu þá er þeir
búast við að stunda.
Tilgangur stjórnarinnar er að byrja strax
í okt. n. k., og þurfum við því að fá svör
frá ykkur með næstu póstum.
Í þeirri öruggu von, að allir U. M. F.
skilji hversu mikið nauðsynjamál
hjer er um að ræða, treystum við því
fastlega að þið látið ekki undir höfuð
leggjast að sinna þessu.

Með vinsemdar kveðju.

Í stjórn Ungmennasambands Kjalarnesþings.

Guðbjörn Guðmundsson
formaður.

Guðrún Björnsdóttir
ritari.

Þorlákur Björnsson
fjehirðir.

afrit.

# Umburðarbréf til Sambandsfélaga Í.S.Í.

Reykjavík 20 okt. 1923.

Um leið og vér sendum yður hér með endurprentuð lög Í.S.Í. ársskýrslueyðublöð og metaskýrslueyðublöð, ásamt sundbók Í.S.Í., leyfum vér oss að mælast til þess, að þér gjörið svo vel að senda oss bæði ársskýrslur og skatta til Sambandsins í tæka tíð.

Þá viljum vér vekja athygli yðar á því, að á síðasta aðalfundi Í.S.Í. var það samþykt að Í.S.Í. gæfi út íþróttablað, og er oss því nauðsynlegt að fá hið fyrsta tilkynningu frá öllum Sambandsfélögum um það, hve marga áskrifendur vér mættum vænta að fá að blaðinu frá hverju félagi. Ætlast er til þess að blaðið komi út einu sinni í mánuði, fyrst um sinn, í 1/4 arkar stærð 8 bls., og verðið er áætlað 5 krónur árgangurinn.

Í trausti þess að þér sýnið fullan skilning og áhuga á þessu sameiginlega velferðarmáli voru kveðjum vér yður.

Með vinsemd og virðingu.

Stjórn Íþróttasambands Íslands.

Axel V. Tulinius. Ben. G. Waage. Guðm. Kr. Guðmunds.

Halldór Hansen Hallgr. Benediktsson.

afrit.

Reykjavík 23. nóv. 1923.

Kæru ungmennafélagar!

Hér skal geta þess helsta, sem sambandsstjórn U. M. F. Í. hefir samið áætlun um og ætlar sér að gera fyrir ungmennafélagsmál á þessum vetri og enn fremur benda á ýmislegt sem ætti að vera áhugamál allra ungmennafélaga. Síðastliðin vetur dvaldi Gunnlaugur Björnsson í Reykjavík. Vann hann þá að ritstörfum og afgreiðslu Skinfaxa og fleiru sem sambandið varðaði. Nú hefur sambandsstjórnin samið við hann að vera fastan starfsmann sambandsins í vetur, verða störf hanns einkum fólgin í því að sjá um Skinfaxa og fara fyrirlestrarferðir fyrir sambandið eftir því sem tími vinst til. Er gert ráð fyrir að hann ferðist meðal ungmennafélaga í héraðssambandinu „Skarphéðinn“ nú fyrir jól, en snemma í febrúar mun hann leggja af stað í ferð um Borgarfjörð. Vestur og norður um land.

Jens Hólmgeirsson mun einnig fara fyrirlestrarferðir um Skaftafellssýslu og víðar. Öllum formönnum þeirra héraðssambanda sem þessir menn geta heimsótt verður gert aðvart um komu þeirra með nægum fyrirvara svo þeir geti samið áætlun um ferðir þeirra meðal þeirra félaga sem hlut eiga að máli. Aðalhlutverk þessara manna verður að kynnast sem best hinum fjölbreyttu störfum og áhugamálum sem ungmennafélögin hafa með höndum og leiðbeina um félagsmál eftir því sem þeim er unnt.

Á næsta vori verður haldið sambandsþing U. M. F. Í. Það þarf að ~~[illegible]~~ afgreiða og taka ákveðna afstöðu til ýmsra mála sem framtíð U. M. F. Í. byggist á s. s. heimilisiðnaðar, íþrótta, fræðslu og skógræktarmála. Enn fremur þarf að ákveða hvað hægt er að gera fyrir Þrastarskóg, endurskoða sambandslögin kjósa nýja sambandsstjórn og f. l. Margt fleira en það sem hér er talið munum við athuga og ræða undir sambandsþing

svo vel sem hægt er.
Með því að þau Magnús Stefánsson og Guðrún Björnsdóttir hafa fyrir löngu tilkynt okkur það bréflega að þau gætu ekki tekið þátt í sambandsstjórnarstörfum þá getum við ekki tekið tillit til þess þó þau nú í haust segðust vilja taka aftur sæti í sambandsstjórninni.
Enda töfum við þá samið ávellum um það helsta sem gert verður þangað til næsta sambandsþing kemur saman.

Með alúðarkveðju
sambandsstjórn U. M. F. J.

afrit

Hofsós 23. des. 1923.

Ungmennafélagið Tindastóll!
Hugheilar óskir um gleðileg jól og nýjár.
M. F. Höfðstrendinga.

Sauðárkrók 23. des. 1923.

Málfundafélag Höfðstrendings!
Hugheilar óskir um gleðileg jól og nýjár.
U. M. F. Tindastóll

Sauðárkrók 23. des 1923.

Kristján Magnússon!
Hugheilar óskir um gleðileg jól og nýjár frá
U. M. F. Tindastóll.

afrit.

Þar sem hreppsnefndaroddviti Sauðárkrókshrepps hefir í viðtali við stjórnendur U. M. F. Tindastóll talið líklegt að hreppsnefndin muni heimta 20% skemtanaskatt af skemtisamkomu, sem Ungmennafélagið hélt 26. þ. m., viljum við, af því við álítum ekki rétt að taka hærri skatt en 10%, eins og hér stendur á, leyfum okkur að vekja athygli hinnar heiðruðu hreppsnefndar á tilgangi félagsins með þessari skemtisamkomu, og til hvers ágóðanum verður varið.
Eins og nefndinni er ef til vill kunnugt um, hafa ungmennafélögin tekið á stefnu-skrá sýna, meðal annars að styðja eftir mætti að auknum ræktun landsins. Til þess að reyna að gera eitthvað fyrir þetta mikla mál, einnig hér á mölinni, hefir félagið Tindastóll haft umráð á Gróðrarstöðinni hér, fyrirfarandi ár og gert þar af veikum mætti tilraunir með trjárækt og blómrækt, auk þess sem

félagið hefir sjálft ræktað þar matjurtir, eða gefið öðrum kost á að geta það, með góðum kjörum. Eins og auðvitað er, hefir félagið lagt fram bæði mikla vinnu og mikla peninga í þessu augnamiði.
Síðastliðið vor varð ekki hjá því komist að leggja mikið í kostnað, og félagið var því svo stórtunga (ef til vill of stórtunga) að byrja á að koma upp vandaðri girðingu um stöðina. Tilgangur Ungmennafélagsins með skemtisamkomunni 26. þ. m. var sá að afla peninga til að standast kostnað við Gróðrarstöðina, eins og oddviti hreppsnefndarinnar veit vel, og hreinn ágóði af skemtuninni gengur allur til stöðvarinnar það getum við sannað nefndinni eða oddvita hennar.
Eftir reglugjörðinni um skemtanaskatt (4 gr.) ræður hreppsnefnd hvort hún gefur skemtanaskattinn eftir, eða lækkar hann í hvert skifti eftir því sem á stendur. Vonum við fastlega að nefndin athugi við ákvörðun

skattsins af þeirri samkomu sem hér
ræðir um.
Að ágóðinn gengur allur til að prýða
fasteign hér á staðnum, sem er til afnota
fyrir almenning og að nokkru leyti al-
mennings eign.
Að hér á hlut að máli fátækt fjelag, sem
með þessu er að berjast fyrir fagurri hug-
sjón, sem ætti að vera sameiginlegt
áhugamál allra.
Að við, þrátt fyrir það, að okkur hefði
verið innan handar að haga skemtun-
inni svo, án þess að breyta henni nokkuð
að ekki hefði verið hægt að heimta meira
en 10%, viljum ekki að óreyndu fara
á bak við hreppsnefndina og þessi lög.
Að við hugsuðum ekki aðeins um það,
að fá mikla peninga með háum inngangs
eyri, heldur höfðum vilja á, og vitum
að okkur hefir tekist að gera marga
ánægða svo þeir fundu að þeir fengu
ekki minna heldur meira fyrir sína

aura nú en hér er vanalegt með sama gjaldi.
Við álítum að verði að stefna að því að gera
skemtanirnar góðar og ódýrar.
Takmörkuð geta almennings þolir ekki að
hlífðarlaust sé beitt við inngangseyri, hvort
sem það er til að vinna upp skemtana-
skatt eða í öðrum augnamiði.
Það er ekki ætlun okkar að fara fram á
neitt ósanngjarnt, en það er sannfæring
okkar að ekki sé rétt að taka hærri skemt-
anaskatt en 10% af skemtisamkomunni
26. þ.m.
Við vonum því að hin heiðraða hreppsnefnd
athugi vel hvernig hér stendur á, og að
sjálfsögðu er stjórn ungmennafélagsins fús
til að gefa henni allar frekari upplýsingar,
sem hún kann að óska eftir og félagsstjórnin
getur veitt.

Með mikilli virðingu
Sauðárkrók 29. des. 1923.

Petr. Hannesson. G. Sveinsson. Friðrik Hansen.
Til hreppsnefndarinnar í Sauðárkrókshreppi.

afrit

Sauðárkrók 1. jan. 1924.

M. F. Goðdalasóknar!

Gleðilegt komandi ár.

óskar U. M. F. „Tindastóll“

# Brjef

sem hafa borist U. M. F. „Tindastóll“

á fjelagsárinu 1924-25

afrit

Reykjavík 15 júlí 1924.

Til sambandsfélaga Íþróttasambands Íslands!

Þar sem vér höfum oft fengið beiðnir um að senda íþróttakennara út um land og fyrirspurnir um íþróttakenslu, höfum vér afráðið að gangast fyrir íþróttanámskeiði í Reykjavík, er standi yfir frá 1. nóv. til 31. maí n. k. Um námsgreinir og kenslugjald, sjá hjálagða auglýsingu.

Það hefir lengi verið ráðgert að halda slíkt námskeið, en kennaraskortur valdið mestu um, að það hefir ekki orðið fyr. En nú er sambandið svo heppið að hafa ráð á íþróttakennara, sem ástæða er til að vænta góðs af. Hr. Jóns Þorsteinsson~~ar~~ frá Hofsstöðum hefir um eitt og hálft ár stundað nám á hinum ágæta íþróttaskóla Niels Bukh í Ollerup (Danmörku), og enn fremur hefir hann dvalið í Noregi og Finnlandi og verið þar á íþróttanámskeiðum í allskonar úti íþróttum; hafði hann styrk úr ríkissjóði og stuðning frá Í. S. Í. til þeirrar ~~framkvæmda~~ farar. Er hann fús að veita námskeiðinu forstöðu og höfum vér falið honum að sjá um það.

Sökum hins mikla kostnaðar teljum vér ekki fært að halda námskeiðið nema a. m. k. 20 nemendur gefi sig fram. Eftir þeim fyrirspurnum um námskeiðið, sem vér höfum fengið á síðustu árum, ætti það ekki að þurfa að farast fyrir vegna ónógrar þátttöku. Hins vegar er áríðandi, að umsóknir séu til vor komnar í tæka tíð, eigi síðar en 15 sept. n. k.

Vér væntum þess fastlega, að undirtektir félaganna sýni, að þetta mál er ekki ótímabært. Því að sú mun reyndin, að námskeiðið, þar sem menn læra íþróttir svo vel, að þeir geti kent þær öðrum, mun vera besta og öruggasta leiðin til þess að efla og styrkja íþróttalífið hér á landi. En því er einmitt nauðsynlegt, að þetta fyrsta námskeið Sambandsins, þar sem

~~það sem~~ reynt verður að kenna mönnum til fullnustu helstu íþróttagreinirnar, fari vel úr hendi og að þátttakan verði sem almennust, nemendur úr sem flestum héruðum. Höfum vér því ákveðið að láta utanbæjarmenn sitja fyrir, ef of margir gefa sig fram. Þá er hitt ekki síður áríðandi að vel sé vandað til vals þeirra manna, sem félögin senda á námskeiðið, að það séu menn, sem hafi áhuga á því að nema íþróttir og hætti ekki fyr en námskeiðinu ~~sé~~ er lokið. Einnig þarf að hafa hliðsjón af því, að þeir séu vel fallnir til að kenna það, sem þeir læra á námskeiðinu.
Fæði og húsnæði munum vér útvega nemendum ef þess er óskað um leið og umsóknir eru sendar.
Vér leyfum oss að mælast til þess, að þau félög sem ekki hafa send ársskýrslur eða greitt skatt fyrir s.l. ár, geri það hið allra fyrsta. Eru vanhöld á skattinum meiri en vér höfum búist við og munu sjálfsagt fremur stafa af gleymsku en vilja- eða getuleysi.

Þá viljum vér einnig skjóta því til þeirra félaga, sem gangast fyrir íþróttamótum, að hafa það fyrir reglu að semja skýrslu um þau strax og mótunum er lokið og láta samstundis í póst til vor, svo að vér fáum þær sem fyrst til athugunar; mætti þá vera, að vér gætum gefið félögunum bendingar um ýmislegt, sem betur mætti fara þegar met eru sett, er nauðsynlegt að sótt sé þegar í stað á formlegan hátt um staðfestingu á þeim.
Í blaða-málinu hefur það gerst, að Sambandið hefir keypt blaðið „Þrótt“ og er svo til ætlast, að það fari að koma út um næstu áramót. Eru félögin beðin að vinna dyggilega að útbreiðslu þess.
Hér með sendum vér yður eyðublöð fyrir metaskýrslur og ársskýrslur er vér óskum að félögin endursendi útfyltar í tæka tíð.

Með vinsemd og virðingu.

Stjórn Íþróttasambands Íslands

A. V. Tulinius. Ben. G. Waage. Guðm. Kr. Guðm.sson

Halldór Hansen. Pétur Sigurðsson.

afrit

Reykjavík 27 ágúst 1924.

Kæru félagar!

Síðast liðið sumar sendi stjórn Ungmennasambands Kjalarnesþings út bréf til allra félaga á landinu, þar sem hún fór þess á leit, að henni væri send nöfn og væntanlegir dvalastaðir þeirra félaga sem búist væri við að dveldu í Reykjavík síðastliðinn vetur.

Ein 8 félög urðu við þessum tilmælum og höfðu þau framkvæmdirnar tafsverð, en í nóvemberlok höfðum við þó náð þeim handfestu að tiltækilegt þótti að byrja fundarhöld.

Fundirnir urðu alls 6 frá 27 nóv. til 3. maí. og söfnuðust nöfn félaga smám saman upp í 160 úr 41 félagi.

Annars vísum vér til skýrslu formanns U.M.S.K. um starfsemi þessa, í júlíblaði Skinnfaxa þ. á.

Á loka-fundinum kom það greinilega í ljós, að eindreginn vilji manna og ósk og von var, að þessari starfsemi yrði haldið áfram. Auk þess gáfu fundirnir í vetur okkur, í stjórn U.M.S.K. ástæðu til að vona að einhverntíma muni eitthvað gott spretta upp af þessari starfsemi og þessvegna höfum við ákveðið að halda áfram.

Einn sem fyr leitum við hjálpar félagsstjórnanna og treystum þeim til að útfylla meðfylgjandi skýrslu og senda okkur strax og unt er og helst ekki síðar en með októberpóstinum og ennfremur að tilkynna okkur jafnskjótt og einhver félagi fer hingað til dvalar síðar í vetur.

Utanáskrift okkar er:
Stjórn Ungmennasambands Kjalarnesþings
Pósthólf 552. Reykjavík.

Guðbjörn Guðmundsson
(form.) (sími 948 og 1391 heima.)

Guðrún Björnsdóttir.
(ritari)

Þorlákur Björnsson
(gjaldkeri)

afrit

Ýnsyningarnefndin á Akureyri 3. jan. 1925

Til Ungmennafélagsins „Tindastóll“
Sauðárkróki.

Hér með sendum vér yður nokkur eintök af bréfum og auglýsingum um Ýnsýningu sem ákveðið er að halda hér á næsta sumri, með beiðni um að þér vilduð gjöra svo vel og dreifa þeim til annara félaga í sýslunni. Og við óskum eftir að á fundum félaganna verði menn hvattir til þátttöku.

Virðingarfyllst.

Sýningarnefndin.

Afr

# Afsalsbref.

Við undirskrifaðir Eysteinn Bjarnason og Pjetur Stefánsson og Guðmundur Sveinsson fyrir hönd U.M.F. Tindastóll gjörum vitanlegt, að við með brefi þessu seljum og afsölum Haraldi Sigurðssyni verzlunarmanni á Sauðárkróki svonefnda Gróðrarstöð (lóðstöðina) eign U.M.F. Tindastóll samkv. kaupsamningi okkar á milli dagsett 14 marz þ. árs. Og með því að velnefndur Haraldur Sigurðsson hefir fullnægt skilmálum þeim, er hann undirgekkst í nefndum kaupsamningi, þannig að hann hefir greitt kaupverðið kr 800,00. átta hundruð krónur, að fullu á rjettum gjalddaga; skal nefnd Gróðrarstöð uppfrá þessu vera hans rjett eign, óátalin af öllum, og svörum við til lagariftinga.

Kaupanda ber að annast um þinglestur afsalsbrefs þessa, og um greiðslu fasteignasölugjaldsins á sinn kostnað.

Til staðfestu eru nöfn vor, svo og nöfn tilkvaddra vitundarvotta

Sauðárkróki 1 maí 1925

Vitundarvottar:

Sigríður Sigtryggsdóttir.

Unnur Pjetursdóttir.

Eysteinn Bjarnason. P. Stefánsson

Guðmundur Sveinsson.

473